

sem umboðsmanns stefnds. Áðurnefndur framburður Hauks Björnssonar verður þó ekki, gegn mótmælum stefnds, talinn sanna það, að hann hafi haft umboð frá stefndum til að gera samninga við stefnanda, er skuldbundið gæti stefndan, og ekki verður heldur talið, að reikningur sá frá stefndum, er fyrr getur, sanni neitt um umboð af hálfu stefnds til Hauks Björnssonar í þessu efni. Og þar sem ekki er sýnilegt af því, sem fyrir liggur í málinu, að stefnandi hafi haft nokkra lögmæta ástæðu til að ætla, að Haukur Björnsson hefði umboð af hálfu stefnds til að gera samning þann, er stefnandi byggir skaðabóta-kröfu sína á, þá verður ekki talið, að stefnandi eigi sjálfur neina kröfu á hendur stefndum út af þessum atvikum, og verður því, þegar af þeirri ástæðu, að taka sýknukröfu stefnds í málinu til greina.

Eftir atvikum þykir þó rétt, að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Sigurður Þ. Skjaldberg, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, h/f „Nafta“, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 22. febrúar 1939.

Nr. 59/1937. **Guðmundur Stefánsson**

(Stefán Jóh. Stefánsson)

gegn

Pétur Thoroddsen

(Sveinbjörn Jónsson).

Krafa um greiðslu fyrir læknisvitjun.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 11. júní 1937 að fengnu áfrýjunarleyfi 7. s. m. og gjafsóknarleyfi 30. apríl s. á. Krefst

hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Tengdafaðir áfrýjanda, Sveinn Ólafsson, er ásamt áfrýjanda og ljósmóðurinni Helgu Jónsdóttur var viðstaddur lækniaðgerð þá, er stefndi krefst greiðslu fyrir í máli þessu, hefir vottað í málinu og staðfest fyrir rétti, að það hafi verið „álit nærstaddra“, að stefndi væri þá undir áhrifum áfengis. Þá hefir og nefnd ljósmóðir vottað það skriflega, „að héraðslæknir Pétur Thoroddsen var ölvaður við yfirsetu Katrínar Sveinsdóttur í Firði haustið 1931“. Áfrýjandi fullyrðir einnig, að stefndi hafi verið undir áhrifum áfengis í þetta sinn. Vottorð Helgu ljósmóður hefir að vísu ekki verið staðfest fyrir rétti, en þrátt fyrir það þykir mega ráða af framangreindum skýrslum, að stefndi hafi að einhverju leyti neytt áfengis á meðan hann dvaldist í þetta skipti á heimili áfrýjanda. Er og upplýst í málinu, að á þessum tíma var mjög undan því kvartað í umdæmi stefnda, að hann neytti áfengis við læknistörf.

Þar eð stefnda gat verið það ljóst, að hann naut ekki fulls trausts áfrýjanda og vandamanna hans í þetta sinn, var ekki rétt af honum að draga úr því, sem áfrýjanda var í mun, að til annars læknis næðist. Þá verður og að telja það ótilhlýðilegt af stefnda að framkvæma aðgerð þá, er í málinu getur, að óvörum ofangreindum vandamönnum móður og barns, enda halda þeir því fram, að atvik þetta hafi mjög á þá fengið. Átti stefndi að sjálfsögðu, þegar hann varð þess vís, að lífi barnsins yrði ekki

þjargað, að skýra nefndum vandamönnum frá því, hvað fyrir höndum væri, í stað þess að láta þá fyrst verða þess vara við aðgerðina sjálfa.

Í máli þessu er ekkert fram komið, er mæli í gegn þeirri skýrslu stefnda, að nefnd læknisaðgerð hafi verið óhjákvæmileg eins og á stóð og að sjálf aðgerðin hafi verið framkvæmd á réttan hátt. En með því að svo mikill ljóður þykir hafa verið á framkomu stefnda í læknisferð þessari að öðru leyti, eins og vikið er að hér að framan, þá verður hann ekki talinn eiga kröfu til gjalds fyrir hana, og ber því að sýkna áfrýjanda af kröfum hans í máli þessu. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður, en laun skipaðs talsmanns áfrýjanda hér fyrir rétti, kr. 120.00, greiðist úr ríkissjóði.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, Guðmundur Stefánsson, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Péturs Thoroddsen, í máli þessu.

Málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður, en laun skipaðs talsmanns áfrýjanda fyrir hæstarétti, Stefáns Jóhanns Stefánssonar hæstaréttarmálflutningsmanns, kr. 120.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur aukaréttar Suður-Múlasýslu 9. jan. 1937.

Tildrög málsins eru þau, er hér greinir: Hinn 25. sept. 1931 hafði kona stefnda, Guðmundar Stefánssonar, tekið jóðsótt og yfirsetukona verið sótt. Taldi hún sóttina hæg-fara og lagði til, að læknis yrði vitjað. Var að sögn stefnda fyrst leitað til Eiríks Björnssonar, starfandi læknis þá á Norðfirði, en hann var vant við látinn og vísaði til hér-aðslæknis Péturs Thoroddsen, stefnanda þessa máls, og

varð hann við áskorun um að koma. Aðiljar eru ekki sam-
mála um, hvenær stefnandi hafi komið að Firði. Telur
stefnandi sig hafa komið þegar um kvöldið hinn 25. sept.,
en stefndi kveður hann ekki hafa komið fyrr en að morgni
næsta dags. Sat stefnandi síðan yfir konunni þann dag og
næstu nótt, unz lækni- aðgerðum hans lauk að kvöldi hinn
27. s. m. með höfuðstungu (perforatio) og framdrætti fóst-
urs úr móðurlífi. Að morgni næsta dags hvarf stefnandi
heim til sín. Fyrir þessa læknishjálp, lyf og umbúðir tel-
ur stefnandi að sér hafi borið samtals kr. 62.60, sem með
áföllnum 6% vöxtum til 1. jan. 1935 nemi kr. 74.44, eða
hinni umstefndu fjárhæð. Telur stefnandi stefnda hafa
verið ófáanlegan til að greiða sér þessa kröfu og hefir því,
eftir árangurslausa sáttatilraun, höfðað mál þetta fyrir
aukarétti Suður-Múlasýslu gegn stefnda og krafizt greiðslu
á kr. 74.44 auk 6% vaxta frá 1. jan. 1935 til greiðsludags,
svo og málskostnaðar að skaðlausu eða eftir mati réttarins.

Stefndi hefir krafizt sýknunar og sér tildæmdan máls-
kostnað.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, að „öll frammi-
staða stefnanda“ við þetta tækifæri hafi verið „fyrir neðan
öll takmörk velsæmis“ og fremur „vitaverð en launa“ og
koma hans og aðgerðir „hafi leitt til hinna átakanlegustu
óhappa og ógæfu“. Heldur stefndi því fram, að stefnandi
hafi verið undir áhrifum vins, er hann kom, og dvalið í
Firði í því ástandi hátt á annan sólarhring, að hann hafi
afstýrt komu og aðstoð annars læknis, sem aðstandendur
treystu betur, og blekkt aðstandendur bæði með því að
fullyrða fram á síðustu stundu, að fæðing mundi vand-
hæfislaust takast, án hættu fyrir móður og barn, og aðeins
mundi þurfa „lítillfjörlega höfuðvendingu“ til að koma
fæðingu í rétt horf, og einnig með því að undirbúa tang-
artak með fæðingartöngum, „en hafi síðan leynilega og
öllum á óvart ráðizt í að kljúfa höfuð barnsins, án þess
að gera tilraun til að nota önnur verkfæri til björgunar“.

Í annan stað véfengir stefndi reikning stefnanda. Tel-
ur stefnanda reikna sér kaup fyrir oflangan tíma, 59 st.
í stað 50 st., sem stafi af því, að stefnandi telji sig hafa
komið að Firði þegar að kvöldi h. 25. sept. í stað 26. sept.
að morgni, eins og áður getur. Dregur stefndi einnig í efa,
að stefnandi eigi rétt á sérstöku ferðakaupi auk borgun-

ar fyrir aðgerðir sínar og yfirsetu. Telst stefnda svo til, að stefnanda beri eigi samkvæmt gjaldskrá lækna, er þá gildi, meira en 32—36 kr.

Máli sinu til stuðnings hefir stefndi lagt fram skýrslu tengdaföður síns, Sveins Ólafssonar í Firði, um „tildrög og upptöku málsins“. Er skýrsla þessi allýtarleg lýsing á aðgerðum stefnanda við þetta tækifæri og kemur skýrslan, sem vitnið hefir staðfest fyrir rétti, mjög heim við það, sem stefndi hefir haldið fram í málinu. Þannig kveðst vitnið að áliðnum degi hinn 27. sept. hafa snúið sér símleiðis til héraðslæknisins á Seyðisfirði og beðið hann að koma, ef til alvarlegra aðgerða kæmi.

Hafi læknirinn tekið vel í það, en óskaði að tala áður við stefnanda, sem taldi hann frá að koma og sagði ástandið ekki alvarlegt, þó seint gengi. Var þá sendiför móti lækninum frestað, en símasamband haft við hann um nóttina. Litlu síðar hafi stefnandi lagt fæðingartengur í vatn og búið undir tangartak, og um kl. 10 að kvöldi hafi vitnið verið kvatt af yfirsetukonu til að vera til aðstoðar, ef þörf krefði.

Síðan hafi stefnandi, án þess nokkur viðstaddur hefði hugboð um, framkvæmt höfuðstunguna og tekið síðan tafarlaust hið aflifaða fóstur, sem virtist að öllu hafa borið rétt og eðlilega að. Hafi þessi óvænta læknilisaðgerð valdið slíkum hughrífum og ógn hjá aðstandendum, að nærri hafi legið ósjálfræði, enda afleiðingarnar orðið langvarandi og lamandi sorg hjá þeim, einkum móðurinni. Telur vitnið það hafa verið álit nærstaddra, að stefnandi hafi þá verið undir áhrifum vins og því ekki með öllu sjálfrátt. Kveður vitnið stefnanda hafa krafist stefnda um borgun fyrir ferð og aðstoð nokkru síðar, en hann hafi verið ófús á að greiða kröfuna og að lokum neitað að greiða kaup fyrir slíkt verk og hegðun ódæmdur. Kveðst þá vitnið hafa boðið stefnanda að greiða honum úr sínum vasa 30—40 kr. og féllu svo niður kröfur og deilur um þetta óhappaverk, en stefnandi hafi eigi viljað ganga að því.

Þá hefir stefndi lagt fram mörg skjöl, er lúta að kærumáli bæjarstjórnar Neskaupstaðar á hendur stefnanda. Í flestum þessum skjölum er ekki minnst á það sérstaka tilfelli, sem mál þetta er risið út af, og eru því málinu sem slíku alveg óviðkomandi, en þau af þessum skjölum, sem

máli skipta, eru bréf Sveins Ólafssonar til dómsmálaráðuneytisins dags. 6. febr. 1933, skýrsla stefnanda til ráðuneytisins í tilefni af bréfi Sveins dags. 4. maí s. á. og bréf landlæknis til dómsmálaráðuneytisins dags. 29. maí s. á. Í bréfum Sveins Ólafssonar eru engar nýjar upplýsingar, en að bréfi landlæknis skal vikið siðar.

Enn hefir stefndi lagt fram vottorð yfirsetukonu þeirrar, sem sat yfir sængurkonunni, þess efnis, að stefnandi hafi verið ölvaður við yfirsetuna, að engin sýnileg breyting hafi orðið á liðan konunnar síðasta dægrið, áður en læknirinn framkvæmdi fæðinguna, að stefnandi hafi ekki gert tilraun til að nota önnur verkfæri við fæðinguna en áhald það, sem notað er við höfuðstunguna, og að henni hafi verið ókunnugt um, er læknirinn undirbjó fæðinguna, að hann mundi nota önnur verkfæri en venjulega fæðingartöng.

Vottorði þessu er mótmælt af stefnanda, og hefir það ekki verið staðfest fyrir rétti.

Stefnandi hefir í sókn sinni gefið allýtarlega skýrslu um læknisaðgerðir sínar við þetta tækifæri.

Lengi framan af, segir stefnandi, að fæðing hafi verið hægfara. Stóð höfuð barnsins svo hátt, að illt var að ná til þess, en liðan konunnar bærileg og engin sjáanleg hætta fyrir móður eða fóstur. En við rannsókn á því, hvað valda mundi, að fæðingin gekk svo seint, kveðst stefnandi hafa komið að raun um, að höfuðið hafði ekki gengið niður í grind, sökum þess að höfuðið bar hallt að grindinni, eða að „eftra eyra fósturs (í hlutfalli við grind konunnar)“ vissi niður, eins og stefnandi orðar það. Jafnskjótt og stefnanda varð þetta ljóst, ákvað hann að reyna vendingu á fósturin, sem sé eina ráðið, ef tekst, til að ná lifandi barni, en við vendingartilraunina hafi komið fram samdráttarhringur (kontraktions-hringur), sem sé í því fólgin, að á takmörkuðu svæði í leginu myndist krampakenndur herpingur, sem geri vendingu óframkvæmanlega.

Færir stefnandi rök að því með tilvitnun í erlendar læknisfræðibækur, að þegar þetta tvennt fer saman, lega fóstursins í móðurlífi, eins og hann lýsir því, og téður samdráttur í leginu, sé aðeins eitt úrræði til að bjarga lífi móðurinnar, sem sé höfuðstungan, og þessi aðgerð hans hafi því verið óumflýjanlega nauðsynleg.

Stefnandi neitar því að hafa verið undir áhrifum áfengis á meðan hann dvaldi í Firði í þetta skipti, og með þeim gögnum, sem stefndi hefir lagt fram varðandi þetta at-
 riði, þykir ekki fengin full sönnun gegn mótmælum stefn-
 anda fyrir ölvun hans, enda verður að álíta, að ekki hafi
 verið að því mikil brögð, þar sem þessa er ekki getið sér-
 staklega í bréfi Sveins Ólafssonar til dómsmálaráðuneytisins
 dags. 6. febr. 1933, og er þó í bréfinu harðlega deilt á stefn-
 anda fyrir drykkjuskap hans og óreglu í því sambandi.

Stefnandi neitar því einnig að hafa afstýrt komu hér-
 aðslæknisins á Seyðisfirði og að hafa neitað aðstandend-
 um að beiðast aðstoðar hans. Kveðst aðeins hafa verið
 kvaddur af Sveini Ólafssyni til viðtals við lækinn. Hafi
 læknir spurt, hvort hann teldi nauðsyn á hjálp hans eða
 ekki, og hafi hann þá ekki getað svarað öðru en að hann
 væri þess fullviss, að slík nauðsyn væri ekki fyrir hendi.

Stefnandi kveðst hafa sagt ljósmóðurinni, hvað að var,
 strax og honum var það ljóst, en hann hafi séð, að hún
 þekkti ekki þessa óreglu og virðist þá hafa hætt við að
 skýra þetta nánar fyrir henni. Öðrum hafi hann ekki held-
 ur skýrt frá fyrirætlunum sínum. Telur hann það fyrst
 og fremst hafa verið alveg tilgangslaust, hefði engin áhrif
 getað haft á úrslitin, og í öðru lagi sé það ekki venja lækna
 undir slíkum kringumstæðum.

Það verður að telja upplýst, enda ekki mótmælt af
 stefnda, að sjálft læknisverkið, höfuðstungan og síðan fram-
 dráttur fósturs úr móðurlífi hafi verið framkvæmd á rétt-
 an hátt — lege artis —. Ef því lýsing stefnanda á aðstæð-
 um er rétt, svo og fullyrðing hans um, að þessi aðgerð
 hafi verið óumflýjanlega nauðsynleg, verður stefnanda ekki
 gefið að sök, að ekki tókst betur til við barnsburðinn.

Það er því ekki læknisverkið sjálft, sem um er deilt,
 heldur hitt, sem telja verður aðalatriðið, hvort sjúkdóms-
 greining (indikation) stefnanda hafi verið rétt, og hvort
 þar af leiðandi hafi þurft að gripa til slíkra neyðarráð-
 stafana, sem lýst hefir verið.

Nú er það svo, að um ástand móður og fósturs er stefn-
 andi einn til frásagnar og það er ekki á færi réttarins né
 annarra en sérfróðra manna að dæma um, hvort skýring
 stefnanda á nauðsyn þessarar aðgerðar hafi við rök að
 styðjast.

Álit lækisfróðra manna um þetta atriði liggur ekki fyrir í málinu, nema hvað landlæknir drepur á það í bréfi sínu til dómsmálaráðuneytisins dags. 29. maí 1933, og telur skýrslu þá, sem stefnandi hafði gefið um aðgerðir sínar við fæðinguna, ekki ósennilega, og í málsvörn sinni hefir stefndi lagt aðaláherzluna á framkomu stefnanda, neitun hans á að þiggja aðstoð annars læknis og framkvæmd læknisáðgerðar, án vitundar aðstandenda, en hinsvegar ekki neitað því berum orðum, að lýsing stefnanda á ástandinu væri rétt, né heldur gagnrýnt þau rök, sem stefnandi færir fyrir gerðum sínum, enda þótt málfærslan beri það með sér, að stefndi trúir því ekki, að ekki hefði mátt takast að bjarga lífi bæði móður og barns, og álitur, að stefnanda hafi skort tilfinnanlega dómgreind til að meta þau vandræði, sem hann var kvaddur til að leysa.

Í fyrrgreindu bréfi sínu til dómsmálaráðuneytisins farast landlækni meðal annars þannig orð: „Raunar er það ekki (sic) svo, að sérstaklega má standa á, ef unnt á að vera að sanna lækisfræðileg afglöp á lækni, sem einn lækisfróðra manna hefir verið að störfum og hefir jafnan í hendi sinni eftir á að gefa hverjar þær skýringar, sem nauðsynlegar eru til réttlætningar gerðum sínum. Læknum verður því seint haldið til rétttrar breytni og grandvarleika í störfum sínum með því að láta þá óttast, að á þá sannist afglöp og yfirsjónir, sem að við lög varði.“

Af þessum ummælum verður að draga þá ályktun, að það sé álit landlækis, að læknum beri yfirleitt ekki að færa sönnur á, að þeir hafi farið rétt að í gerðum sínum, heldur hvíli sönnunarskylda í þessum efnum á þeim, er gerðir læknanna véfengja, og verður að fallast á, að þetta hljóti að vera aðalreglan, bæði vegna þess, hve erfitt og oft og tíðum ókleift getur verið fyrir lækni að sanna, að ekki hefði mátt betur takast til um gerðir hans, en einnig vegna þess, að strangar kröfur til lækna í þessum efnum mundu gera þá of deiga til framkvæmda og draga meira en hollt væri úr áráði þeirra til framkvæmda á hættulegum en jafnframt nauðsynlegum aðgerðum.

Þar sem stefndi samkvæmt framansögðu hefir ekki leit að álits lækisfróðra manna um skýrslu stefnanda um aðgerðir hans, og ekki liggur fyrir af hálfu stefnda gagnrýni á hinum fræðilegu rökum, sem stefnandi færir fyrir

gerðum sínum, verður að áliti réttarins ekki hjá því komizt að telja ósannað, að frásögn stefnanda sé röng í þessu efni, heldur beri að leggja skýrslu hans til grundvallar, er meta skal sýknuástæðu stefnda.

Stefndi hefir, eins og áður er getið, lagt aðaláherzluna á framkomu stefnanda, sérstaklega að því leyti, að hann hafi afstýrt komu annars læknis og blekkt aðstandendur og ráðizt í þessar aðgerðir þeim að óvörum. Um fyrra atriðið má telja það upplýst, að stefnanda hafi átt að vera það ljóst, að aðstandendur óskuðu nærveru annars læknis, sem hann mundi hafa getað fengið til aðstoðar, ef hann hefði óskað. En þar sem, eins og fyrr er greint, leggja verður til grundvallar skýrslu stefnanda um ástand móður og fósturs og nauðsyn þeirrar aðgerðar, sem hann viðhafði, verður ekki séð, að koma annars læknis hefði nein áhrif getað haft á úrslitin og skipti því ekki máli, hvort stefnandi þáði þá aðstoð, sem ætla má, að honum hafi staðið til boða, eða ekki.

Aðilja greinir á um, hvort það sé venja lækna undir þeim kringumstæðum, sem hér voru fyrir hendi, að skýra fyrir aðiljum, hvað gera þurfi, áður en aðgerð er hafin. Heldur hvor fram sinni skoðun, án þess frekari upplýsinga hafi verið leitað. En enda þótt rétturinn sé þeirrar skoðunar, að stefnandi hefði átt að skýra málið fyrir aðstandendum, áður en hann réðist í svo örlagaríka aðgerð, sem þessi var, þá geti þessi yfirsjón hans útaf fyrir sig ekki svipt hann rétti til að krefjast borgunar fyrir starf sitt, ef aðgerðin á annað borð var óumflýjanlega nauðsynleg, eins og ganga verður út frá að verið hafi, svo sem að framan greinir.

Af framangreindum ástæðum verður því sýknukrafa stefnda ekki tekin til greina.

Mótmæli sín gegn reikningi stefnanda byggir stefndi fyrst og fremst á því, að dvöl stefnanda frá heimili sínu vegna þessarar læknisvitjunar hafi verið styttri en stefnandi heldur fram, eða 50 stundir í stað 59 stundir, sem stafar af því, eins og áður er getið, að stefnandi telur sig hafa komið strax að kvöldi h. 25. sept. í stað þess að morgni næsta dags. Hefir stefndi lagt fram vottorð 2 vitna máli sínu til stuðnings, en vottorðinu er mótmælt af stefnanda, og hefir það ekki verið staðfest fyrir rétti. En þar sem

telja verður, að stefndi hafi þó fært nokkrar likur fyrir staðhæfingu sinni með framlagningu téðs vottorðs, og stefnandi virðist hafa átt auðveldara með að færa sönnur á þetta atriði t. d. með framlagningu staðfests eftirrits af því, sem hann samtímis hefir skráð um ferðina í bækur sínar, eða með vitnisburði þeirra manna, sem fluttu hann, þykir stefnandi verða að bera hallann við, að þetta atriði er óupplýst, og því verði að ganga út frá, að dvöl hans frá heimili sínu hafi ekki farið fram úr 50 st., eins og stefndi heldur fram. Þá dregur stefndi það í efa, að stefnanda beri sérstakt ferðakaup auk þóknunar fyrir yfirsetu og aðgerðir, en samkvæmt þeirri venju, sem álita verður að myndast hafi um þetta, þykir stefnandi bæði eiga rétt til slíks ferðakaups og að það sé ekki of hátt talið eins og hann gerir.

Sé gengið út frá, eins og stefnandi heldur fram, að hann hafi komið heim kl. 6 að morgni hinn 28. sept., reiknast ferðakaup, miðað við 50 st. fjarveru, þannig: Frá kl. 4 að morgni hinn 26. sept. til kl. 4 að morgni hinn 28. sept. $2 \times 6 \text{ kr.} = 12 \text{ kr.}$, og frá kl. 4—6 að morgni hinn 28. sept. $2 \times 0.50 = 1 \text{ króna}$, eða alls 13 kr. í stað kr. 17.10, sem stefnandi reiknar sér, og þar sem ekki er ágreiningur um aðra liði reikningsins, lækkar krafa stefnanda því um kr. 4.10 úr kr. 62.60 í kr. 58.50.

Þá virðist stefnanda breyta heimild til að reikna vexti af kröfunni hærri en 5%.

Þessu samkvæmt ber því að dæma stefnda til að greiða stefnanda kr. 58.50 auk 5% vaxta frá 1. jan. 1932 til 1. jan. 1935 kr. 9.23 = kr. 67.73, auk 5% vaxta frá 1. jan. 1935 til greiðsludags.

Eftir málavöxtum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Guðmundur Stefánsson, greiði stefnanda, Pétri Thoroddsen, kr. 67.73 með 5% vöxtum frá 1. jan. 1935 til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.